

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1383/2013****2014/EES/54/67**

frá 17. desember 2013

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð<sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 <sup>(2)</sup> er settur rammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna og mælt fyrir um markmið og niðurstöður fyrir tímabilið 2013-2017.
- 2) Í reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er aðeins settur fjárhagsrammi fyrir árið 2013, sem fellur undir áætlunartímabilið 2007-2013, og þar er framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um fjárúthlutun fyrir tímabilið 2014-2017 fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en þremur mánuðum eftir samþykkt fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020.
- 3) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1311/2013<sup>(3)</sup> var samþykkt 2. desember 2013.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 99/2013 til samræmis við það.

- 5) Til þess að tryggja að þær aðgerðir sem kveðið er á um í reglugerð þessari skili árangri ætti hún að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 99/2013 komi eftirfarandi:

*„7. gr.*

**Fjármögnun**

1. Fjárhagsrammi Sambandsins vegna framkvæmdar áætlunarinnar fyrir árið 2013 skal vera 57,3 milljónir evra og heyra undir áætlunartímabilið 2007-2013. Fjárhagsrammi Sambandsins vegna framkvæmdar áætlunarinnar fyrir tímabilið 2014-2017 skal vera 234,8 milljónir evra og heyra undir áætlunartímabilið 2014-2020.
2. Framkvæmdastjórnin skal veita fjárstuðning Sambandsins í samræmi við fjárhagsreglugerðina.
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun sína um árlegar fjárveitingar í samræmi við heimildir Evrópuþingsins og ráðsins.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti.*

M. SCHULZ

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

L. LINKEVIČIUS

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á bókun 30 um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 11. desember 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2013.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1311/2013 frá 2. desember 2013 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2014-2020 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 884).